



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

6. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 20. febrúar 2022 kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

1. Vinna við Atvinnumálastefnu Uppsveitanna

Unnið er að úrvinnslu á niðurstöðum úr könnuninni sem gerð var í uppsveitunum. Komin eru drög að framtíðarsýn, markmiðum og áherslum fyrir Atvinnumálastefnu Uppsveitanna. Aðgerðaráætlun verður unnin í framhaldinu. Stefnt er að því að tala við unglinga á svæðinu til að fá þeirra sjónarmið. Næsti fundur samráðshóps er 28. febrúar.

2. Undirbúningur fyrir viðburði næsta ár:

- Hátíðarhöld á þjóðhátíðardegi Íslands, 17. júní 2023

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Borg leggur nefndin til að 17. Júní hátíðarhöldin verði haldin að Sólheimum í ár. Nefndin er í sambandi við forsvarmenn Sólheima.

- Leikfélagið á Borg hefur ekki tök á að vera með atriði.
- Hoppukastalar í skoðun.
- Leikfélag Sólheima verður með atriði.
- Athuga með að fá atriðið úr Grease frá Kerhólsskóla.
- Athuga með félagasamtök til að selja pylsur.
- Blaðrarinn blöðrudýr, 110.000 fyrir klukkutíma.
- Rætt var um hugsanlegan hátíðarræðumann.
- Athuga þarf með tónlistaratriði.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Drög að dagskrá 17. Júní

- 13:00 Skróðganga
Gengið frá Vigdísarhúsi fram hjá Sólheimahúsi og inn í Íþróttaleikhús.
- 13:30 Hátíðardagskrá í Íþróttaleikhúsinu.
 - Kynning frá formanni nefndarinnar
 - Hátíðarræðumaður
 - Fjallkona
 - Skemmtiatriði frá skólanum og Leikfélagi Sólheima
- Skemmtidagskrá á Péturstorgi
 - Tónleikar
 - Blaðrarar
 - Grillaðar pylsur til sölu til styrktar góðu málefni.
Bæði grænmetis og SS
 - Kaffihúsið Græna Kannan opin
 - Enda á DJ?

Umræðu um 25 ára afmæli hreppsins og Borg í sveit frestað til næsta fundar.

Næsti fundur verður haldinn 20. mars á Sólheimum

Fundi slitið klukkan 19:00